

Álit Jóns Vals Jenssonar til Alþingis vegna frumvarps um fóstureyðingar ("þungunarrof"). Frumritið (betur læsilegt með töflu og feitletrunum) fór ég með sjálfur í þinghúsið í kvöld.

Fóstureyðing er alvarlegt mál og alls ekki svo einfalt sem halda mætti af yfirlýsingum ýmissa um þessar mundir, einkum herskárna femínista, sem eru þó alls ekki fulltrúar meirihluta kvenna. (Sönnun þess sést af borgarstjórnarkosningunum 2018: þar fekk slíkur femínistaflokkur (Kvennahreyfingin) aðeins 0,9% fylgi, lenti í 7. neðsta sæti af 16 framboðum:

[https://www.mbl.is/frettir/kosningar/svf\\_results/](https://www.mbl.is/frettir/kosningar/svf_results/))

Fóstureyðing eða "þungunarrof" (ónákvæmt rangnefni) felur ekki hvað sízt í sér, að bundinn er endi á líf, um það eru nánast allir sammála. Að það er mannlegt líf, a.m.k. þegar það er komið yfir fósturvísis- eða embryo-stigið 8-10 vikna, er sömuleiðis augljóst og þeim mun fremur ómótmælanlegt þegar ekki aðeins öll líffæri og skilningarvit eru orðin starfandi (sbr. töfluna hér á eftir), heldur komið með sársaukaskyn að auki; en komið er það með skynnema um allan líkamann 20 vikna og taugatengingar þeirra upp í heila.

#### Fetal Development Chart

Developmental stage	Embryonic Stage					Fetal Stage				
Gestational Age (weeks)	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
10	11	12	13	14	20	40				
Conceptual Age (weeks)	0	0	1	2	3	4	5	6	7	
8	9	10	11	12	18	38				

#### Developing Organ(s)

##### Central Nervous System

Heart

Ear

Eyes

Limbs

Lip

Palate

Teeth

External genitals

The red bars in the table show the gestational age when different organ systems are most sensitive to major birth defects in that organ system. The pink bars show the gestational age when different organ systems are sensitive to functional defects and minor malformations.

Kortið er tekið héðan: <http://perinatology.com/Reference/Fetal%20development.htm>

Central Nervous System = miðtaugakerfið. Limbs = útlimir. Palate = (gómur og) bragðskyn. External genitals = ytri kynfæri.

Svo ræðir fólk (m.a. í fjölmiðlum í aðdraganda ákvörðunar Alþingis um fyrirliggjandi lagafrumvarp) um það hvort aðrir en móðirin sjálf (eða hjón saman) eigi að ákveða hvort farið verði í fóstureyðingu.

Vís maður hefur sagt, í ræðu á fundi lífsverndarfélagis

[\(https://krist.blog.is/blog/krist/entry/2229236/\)](https://krist.blog.is/blog/krist/entry/2229236/) að slík ákvörðun verði "ekki tekin nema til komi þriðji aðili, er utan við málið stendur. Um leið og ákvörðunin er alfarið afhent öðrum hlutaðeigandi aðila, þ.e.a.s. konunni, um leið er síðasta réttarvörn fóstursins úr sögunni."

En alveg er ljóst, að slík réttarvernd er og hefur verið til staðar í löggjöf þessa lands; formlega er lagabókstafurinn ótvíráður um það og ekki aðeins í einum gildandi lögum, heldur tvennum, sem hér varðar líka mest um.

Enn eru í gildi þau ákvæði laganna nr.25/1975, sem miða að vissri vernd fósturs gegn geðþóttaathæfi, og það sama á við um ákvæði 216. greinar almennra hegningarlaga.

Lögin frá 1975 fela í senn í sér dauða og líf -- setja vissar hömlur gegn skefjaleysi og eru líka -- auk þess að afnema ekki fyrrnefnda 216. gr. hegningarlaganna\* - sjálf með sín eindregnu ákvæði um refsingar gegn brotum, í sinni skýru, ýtarlegu 31. grein, sem gengur vitaskuld út frá því, að þarna er um mannlegt líf að ræða:

31. grein:

1. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, án þess að fullnægt sé skilyrðum 9., 10. eða 18. gr., skal sæta ... 1) fangelsi allt að 2 árum, nema hærri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má beita sektum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.

2. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 11., 12., 13., 19. eða 21. gr., skal sæta sektum, nema hærri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum.

3. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 15. eða 23. gr., skal sæta sektum.

4. Framkvæmi aðrir en læknar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, skulu þeir sæta fangelsi allt að 4 árum, nema hærri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.

5. Hlutdeildarmönnum skal refsað samkvæmt 1. og 4. tölul. þessarar greinar. Gáleysisbrot eru refsilaus samkvæmt lögum þessum.

[Beinist brot samkvæmt þessari grein að barni undir 18 ára aldri telst fyrningarfræstur eigi fyrr en frá þeim degi er þolandi nær þeim aldri. Að öðru leyti fer um fyrningu eftir IX. kafla almennra hegningarlaga.

Refsað skal eftir þessari grein fyrir brot manns, sem var íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi á verknaðarstundu, sem framið er erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn teljist ekki refsiverður eftir lögum þess ríkis.] 2)

1)L. 82/1998, 167. gr. 2)L. 23/2016, 7. gr.

Þetta er allt afskaplega skýrt, en það vilja femínistar og virka drápsliðið á kvennadeild Landspítalans fela og koma því fyrir kattarnef, rétt eins og þeim ófæddu börnum, sem vera ættu skjólstæðingar þeirrar síðastnefndu, en nú orðið raunalegu starfsstéttar, en eru nú fórnarlömb hennar, hverra blóð hrópar til himins um refsingu Guðs og réttlæti.

\* Hér er þessi ennþá gildandi 216. gr. alm. hegningarlaga:

216. gr. (sem er partur af XXIII. kafla alm. hgl., sem nefnist réttilega Manndráp og líkamsmeiðingar) Kvenmaður, sem deyðir fóstur sitt, skal sæta ... 1) fangelsi allt að 2 árum. Ef sérstaklega ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má ákveða, að refsing falli niður. Mál skal ekki höfða, ef 2 ár eru liðin frá því að brot var framið. Ónothæf tilraun er refsilaus.

Hver, sem með samþykki móður deyðir fóstur hennar eða ljær henni lið sitt til fóstureyðingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Sé um mikla sök að ræða, einkum ef verknaðurinn er framinn í ávinningsskyni eða hann hefur haft í för með sér dauða eða stórfellt heilsutjón móður, skal beita allt

að 8 ára fangelsi. Hafi verið verið framið án samþykkis móður, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 12 árum.

1)L. 82/1998, 109. gr.

Allt frá 19. öld hafa verið í gildi lög sem verja hina ófæddu. En nú er sjálf ríkisstjórn Íslands orðin beinn aðili að stjórnarfrumvarpi sem býður upp á meiri fjöldadráp ófæddra en nokkurn tímann áður, a.m.k. sex vikum lengur en núgildandi lög og þar að auki með þeim formlega hætti, að einfaldlega "að hennar beiðni" (hinnar þunguðu konu) verði fóstureyðing heimil allt til loka 22. viku meðgöngu! Þetta tel ég að fenginni reynslu og yfirsýn minni um þessi mál sl. 45 ár, að muni auðveldlega leiða til mikillar fjölgunar frá þeim 1044 fósturvígum, sem framkvæmd voru árið 2017, upp í um 1500 fósturdeyðingar á ári hverju innan nokkurra ára.

Þegar vitað er, að

1) aldur kvenna sem eiga sitt fyrsta barn hefur farið verulega hækkandi hér á landi á seinni árum og þannig hægt á fæðingum, eins og nýlega var fjallað um í fréttum,

2) að ekkert lát er á fjölgun þeirra, sem farið hafa í ófrjósemisaðgerð á seinni árum (alls 22.954 manns árin 1981-2017 skv. flokkuðum lista frá Embætti landlæknis) og

3) að fæðingatíðni íslenskra kvenna hefur minnkað svo, að miðað við tölur síðasta árs fæðast 1,7 börn á hverja konu eða hvert par í landinu, en þyrftu að vera 2,1 til að þjóðin geti viðhaldið sér í óbreyttri stærð,

þá blasir hér við, að enn fleiri fóstureyðingar (ásamt líka enn fleiri eftirköstum þeirra; þeim fjölga með lengri meðgöngu; sbr. álit Sveinbj.Giz.) myndu bætast við þessa óæskilegu orsakabætti til þess að draga enn verulega úr viðkomu þjóðarinnar. En það hefur fremur verið stefna framsýnna yfirvalda að fjölga fremur en fækka þjóðinni. Þess vegna er það undarlega öfugsnúið að ríkisvaldi okkar skuli markvisst beitt til að styðja sem "ókeyypis/ódyra heilbrigðisþjónustu" aðgerðir á borð við þær, sem draga úr vexti og lífskrafti þjóðarinnar!

Að benda á innflutning fólks sem lausnina lítur fram hjá því, að aðlögun innfluttra er tímafrek og dýr og að reynsla Norðurlandþjóða er sú, að mikið og hratt aðstreymi útlendinga gerist ekki án ýmissa vandræða af jafnvel alvarlegasta tagi, geti stuðlað að misklið og alvarlegum árekstrum fólks með ólíkan bakgrunn, í stað þess að viðhalda eftir megni friðsamlegri samheldni þjóðarinnar.

Tölur okkar um fóstureyðingar slá nú þegar við stærstu mannfalstölum fyrri alda, jafnvel tölum um fallna á Sturlungaöld, en um þær segir sérfræðingur um bókmenntir og sögu fyrri alda: "Menn hafa reiknað út, hve margir hafi fallið eða verið teknir af lífi á árunum 1208-1260, og eiga það að hafa verið um 350 manns." (Einar Ól. Sveinsson: Sturlungaöld. Drög um íslenska menningu á þrettánda öld, Rvík 1940, bls. 76.) Dreifðust þær tölur þó yfir 58 ár, en þessi heildartala, 1044, er bara frá einu einasta ári, 2017! Tollurinn af þessu fyrir þjóð okkar er ekki lítill og aðstæður nú, eins og fram er komið, ekki fýsilegar til að stuðla hér að mikilli fækkun fæðinga.

En meðal hinna ófæddu er svo einn undirhópur sem geldur grimmustu manndrápsstefnunnar: Downsbornin. Þeim er nú í næstum öllum tilvikum ekki ætlað af foreldrum sínum að fá að lifa, því að í svo mörgum tilvikum láta þeir undan þrýstingi drápfúsra lækna í þessum erfiðu tilvikum. (Ég þekki sjálfur dæmi slíks þrýstings lækna á mig og konu mína við fyrstu þungun hennar og get vitnað um það; en barnið dó daginn eftir að það fæddist.) En það eru mjög mörg dæmi þess að börn með Downsheilkenni geti lifað engu síður hamingjusömu lífi en önnur börn og fullorðnir. (Sjá t.d. kaflann The Chance to Live eftir Alison Davis, sem sjálf var með klofinn hrygg, í bókinni Who Is for Life?

(1984, safn af ræðum sem fluttar voru á 50.000 manna fundi lífsverndarmanna í Hyde Park 1983), bls. 13-18; ennfremur Margaret White: Two Million Silent Killings, 1987, bls. 81-93, o.m.fl. rit og greinar um þetta.)

Þar að auki má EKKI mismuna Downs börnum samkvæmt lögum og alþjóðasáttmálum, en það er þó ósleitlega gert af þessu liði, sem virðist lítið kunna í siðfræði mannlífins og myrðir varnarlausu miskunnarlaust! Ennfremur er gengið fram hjá því, að Íslendingar leyfa ekki pyntingar, og það er heldur ekki leyfilegt að pynta dýr. Eru þessir læknar svo að biðja um meiri pyntingar- og drápsheimildir gagnvart ófæddum börnum?!!!

Undirritaður hefur látið sig lífshagsmuni hinna ófæddu varða í um 46 ár, frá sinni fyrstu ritgerð "Um fóstureyðingar" 1972. Fylgdist ég vel og lengi með umræðu um málið fyrir lagasetninguna í maí 1975 og átti þá um vorið samantekt um málið í Mbl. og aðra mun lengri grein um frumvarpið: "Mannhelgi -- um fóstureyðingar", í Tímanum 20. apr. 1975 =

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=265474&pageId=3756648&lang=is&q=MANNHELGI](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=265474&pageId=3756648&lang=is&q=MANNHELGI)

Eftir guðfræðipróf við HÍ, með góðar einkunnir m.a. í siðfræði, hélt ég til framhaldsnáms í trúarheimspeki og kristinni siðfræði í Háskólanum í Cambridge, 1979-83. Einhver mesti happafengur minn þar var að sækja fyrirlestur hjá áður nefndum bókarhöfundum, Margaret White lækni, sem af leiftrandi snilld í upplýsandi umfjöllun um hina ófæddu og um fóstureyðingar kveikti svo í áheyrendum sínum, að ég man ekki annað dæmi þvilíks. Þegar ég hélt heim til Íslands að námi loknu, hóf ég á ný blaðaskrif, langtum meiri en áður, um þennan málaflokk og hafði frumkvæði að því að virkja sem flesta til að setja lífsverndarfélag á laggirnar. Það tókst 15. apríl 1985 (nærfellt 10 árum eftir setningu fóstureyðingalaganna 1975) með stofnun Lífsvonar, samtaka til verndar ófæddum börnum, sem náðu innan fárra ára yfir 1000 manna meðlimatölu. Sat ég í stjórn þar sem ritari og síðar sem formaður, auk þess að ritstýra samnefndu fréttabréfi, Lífsvon, 1991-93, og kynstur á ég af bókum, skýrslum og greinum á þessu sviði, heilu hillumetrana.

Í Englandi hafði ég gerzt félagi tveggja lífsverndarsamtaka, Life og SPUC (Society for the Protection of Unborn Children, en Margaret White var varaforseti SPUC) og hafði þaðan þá fyrirmynd að vinna ekki aðeins að því að upplýsa almenning og reyna að hvetja til lagabreytingar í þágu ófæddra, heldur einnig að útvega þunguðum og einstæðum mæðrum ráðgjöf og aðstoð, einkum í húsnæðismálum. Ekki náði ég samstöðu við samstarfsfólk mitt um þessi áform, sem þóttu of viðamikil fyrir ungt félag, og þegar ég fékk ekki einu sinni að kynna þau í fréttabréfinu fyrir aðalfund, stofnaði ég til eigin blaðs 1986 (Lífjök, tvö tbl. 1986 og Mannhelgi, 3 tbl. 1987-8) og raunar mitt eigið fyrirtæki, Lífsrétt, sem er upplýsingaþjónusta um lífsverndarmál, stofnuð 9. febrúar 1987 og gaf fleira út á næstu árum og stóð einnig fyrir ráðstefnu um þessi mál með þekktum baráttumanni úr Vesturheimi, Rev. Paul Marx.

Frá árinu 2012 hefur upplýsingaþjónusta Lífsréttar farið fram á Moggabloggi, á <https://lifsrettur.blog.is> -- en skrifað hef ég að auki mikið um lífsverndarmál á Moggablogg Kristinna stjórnmalasamtaka (<https://krist.blog.is/blog/krist/category/2541/>), á eigin vefi og í almennri netumræðu.

Árið 1987 hafði ég svo, með tilstyrk eiginkonu minnar og fjögurra vina, forgöngu um stofnun hjálparsamtakanna Móðir og barn, sem eru skrásett sjálfseignarstofnun hjá innanríkisráðuneyti og Ríkisendurskoðun, til að vinna að þeirri efnislegu hjálp við mæður, sem ég minntist á hér ofar. Vorum við með allmikla, niðurgreidda húsaleiguaðstoð við einstæðar mæður og börn þeirra (þ.m.t. þungaðar konur) um árabíl, mest með útleigu 11 íbúða fyrir 13 konur á einum og sama tíma, og ráðgjöf veitt í gegnum síma. Með lögum um húsaleigubætur minnkaði þörfin á þessu sviði (þar var um að ræða niðurgreiðslu húsaleigu á borð við það sem Móðir og barn bauð upp á). Stofnunin á

hvergi neitt húsnaði sjálf (leigði sjálf og niðurgreiddi og stefnir þó að endurnýjuðu starfi með tímanum. Er ég þar enn formaður stjórnar.

Vekja vil ég athygli á því, að frumvarp heilbrigðisráðherrans (og nú ríkisstjórnarinnar) er mjög vanreifað mál.

Þar er EKKERT fjallað um siðferðislegu hliðina.

og ekkert um þjáningu fóstursins!

Það vita og sjá það allir, sem vita vilja, að 20 vikna fóstur í móðurlífi er maður, manneskja.

Og nú er það ætlan heilbrigðisráðherra, jafnvel ríkisstjórnarinnar, að setja landinu ný lög, þar sem ekki verði lengur gengizt við því, að verið sé að eyða mannlífi með fóstureyðingu -- horfið skuli frá því að horfast í augu við það, hvað þá að viðurkenna það opinskátt, að þar fer fram deyðing mannlífs, og í staðinn tekið upp orðskrípið "þungunarrof", sem er af ætt skrautyrða (sjá Hugtök og heiti í bókmenntafræði, ritstj. Jakob Beneiktsson, Rv. 1983, bls. 252) og til þess gert að fela bitran sannleikann.

En höfum þá einmitt hér í huga, að: "Víg var kallað morð, ef því var leynt, sjá Egils s. 181" (Ísl. fornrit IX, 92, aths. við Víga-Glúms sögu, 27. kap., þar sem þetta sama kemur fram). Með því að varpa huliðsblæju "þungunarrofs" yfir hina óneitanlega illu gjörð gagnvart mannfóstri, er í raun verið að leyna því drápi, því ódæðisverki, sem þar fer fram. Það er ekki að lýsa vígi á hendur sér, heldur að fara með það í leyndum og fellur því undir morð í fornum skilningi orðsins. En í öllum árlegum Heilbrigðisskýrslum mestalla 20. öld var sagt frá fóstureyðingum eins og öðrum aðgerðum, þær kallaðar því nafni, en á ensku feticide according to the Feticide Act -- fósturvíg skv. fóstureyðingalögunum (sbr. homicide: mannvíg, fratricide: bróðurmorð). Let's call a spade a spade.

Fleiri ábendingar

A) Eins og hyggin kona roskin, Nanna, benti á í innhringingu á útvarp Sögu 22. þessa mánaðar, þurfa hjón eða sambúðarfólk, sem þráir að eignast börn, "að borga of fjár" (hundruð þúsunda í hverju tilviki) fyrir fjóvngunartilraunir, en á sama tíma borgar ríkið fyrir dýrkeyptar fóstureyðingar og heldur uppi ófrjósemisaðgerðum (einkum karla nú orðið) í massavís á hverju ári!

B) Þingmenn eru ekki að gera skyldu sína ef þeir óvirða ábendingar dr. Sveinbjarnar Gizurarsonar prófessors í hans geysiöfluga álit, sendu þinginu: Þar er bent á allmargar brotalamir í frumvarpinu, og eins og það stendur núna, getur ráðherrann og stjórnvöld ekki verið þekkt að því að bera fram svo augljóslega ófullkomið plagg og óviðunandi málafylgju.

C) Þá er hin geysi-skorinorða umsögn "Fóstureyðingar í nafni kvenfrelsis eru öfugmæli" á nokkrum bls. frá fjögurra barna móðurinni Marie Jannie Madeleine Legatelois henni til mikils sóma og rústar málflutningi herskárna femínista. (Undirritaður er ekki andvígur öllum femínisma, heldur þeim sem fer út í öfgar.) Ég vísa hér til skjalsins frá fr. Legatelois:

<https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4223.pdf>

D) Hugsanlega er uppgangur eða hroki öfgafemínista og "ofurfrjálslyndra" á þessu sviði og annarra meðvirkra af þvílíkri stærðargráðu á þessu vorþingi, að frumvarpið, jafn-blöskranlegt og það er, geti náð fram að ganga, og yrði þá annarra þinga að snúa við slíkum ólögum. Hugsanlega er svo lítið hlustað hér á málsvara lífsins og kristins siðgæðis, að þessir aðilar keyri bara á málið í stærilæti sínu, með aðstoð flokka sem áður vildu kenna sig við það að standa í stefnuskrám sínum með kristinni

menningu og siðgæði. Sé svo, gætum við andstæðingarnir hugsanlega orðið að setta okkuð við veikan varnarsigur: svoltinn afslátt af frumvarpinu, jafnvel þann, að það kæmist í sína upphaflegu tillögumynd, þ.e. að það næði til loka 18. viku í stað 22. viku. En það mun nánast allur almenningur sjá í hendi sér, að fráleitt er að bjóða hér upp á "frjálsar" fósturdeyðingar fram yfir 16 vikur. "Í hendi sér" -- leiðið þá líka hugann að því, að 13 vikna gamalt er fósturið jafnlangt og venjulegur kúlupenni, nær 14 cm, en 18 vikna er það orðið 22 cm og veguð 223 grömm að meðaltali, en hefur bætt mikið í, þegar það hefur náð 20 vikna aldri, er þá orðið 25,5 cm að meðaltali og vegur 331 gramm. 22 vikna er það 28,8 cm að meðaltali og vegur 399 grömm. (Sjá hér:

<http://perinatology.com/Reference/Fetal%20development.htm> ). --- Aftur að sama hugsanaþræði: Ef lögleitt verður fósturdráp til loka 22. viku meðgöngu, fengju lífsverndarsinnar raunar eitthvert sterkasta vopn sitt í hendur: að vinna að upplýsingaherferð og almennri fordæmingu slíkra augljósra blóðfórna- og pyntingalaga. En betra álit ég vitaskuld að fá EKKI það vopn í hendur, heldur að efri tímamörkin verði felld niður, lækkuð í 16 eða a.m.k. ekki meira en 18 vikur, og þar er ég ekki að hugsa um vilja femínista né neinar meinlokur þeirra lækna (og landlæknis!), sem skrifað hafa með þessu frumvarpi, heldur er ég að hugsa þar um hag og líðan ófæddra barna: að þau verði a.m.k. ekki undirlögð sömu grófu pyntingunum (vegna þroskaðs sársaukaskyns síns) eins og þau yrðu samkvæmt núverandi ástandi þessa viðurstyggilega frumvarps.

E) En ekki byggir fósturvígsstefnan á góðri læknisfræði. Neðangreint ritaði prófessor Liley, oft kallaður faðir fósturfræðinnar (á latínu: foetologia), þeirrar greinar læknisfræðinnar sem fjallar um hina ófæddu frá fyrstu stigum til fæðingarinnar. (Með rannsóknum sínum lagði hann grunninn að lækningaaðferðum sem síðan hafa bjargað lífi þúsunda barna. Nánar um það í grein minni/erindi hér: Sir William Liley - ævi hans og störf að rannsóknum og lækningum á ófæddum börnum = <https://lifsrettur.blog.is/blog/lifsrettur/entry/1485966/>):

"Það eina læknisfræðilega við fóstureyðingu er það, að hún er framkvæmd af læknum og að þeir verða að glíma við eftirköst hennar, þegar frá líður. Sjáið þið til: Þegar ófæddum börnum er veitt læknisumönnun, þá eru vaxtarskilyrði þeirra o.s.frv. afgerandi mikilvæg. En ef til stendur að deyða barnið, þá eru slíkar upplýsingar um vöxt þess og viðgang aðeins feimnismál og til óþæginda ..." (dr. Wm.A. Liley: Minnsta mannsbarnið, nánar hér: <https://lifsrettur.blog.is/blog/lifsrettur/entry/1384940/>)

F) Þóra Kristín Þórsdóttir, sem titlar sig sem forynju Kvinnahreyfingarinnar, segir í álitinu sínu um frumvarpið til Alþingis: "Sérstaklega ánægjulegt er að með frumvarpinu sé lögð af sú krafa að barnshafandi einstaklingar sæki um leyfi heilbrigðisstarfsfólks til að rjúfa meðgöngu enda gengur sú krafa í bága við sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins."

En hér má í staðinn minna á sígild og öflugri rök Þorbergs Kristjánssonar: "Þriðja atriðið, sem haldið er á lofti, til að auðvelda frjálsar fóstureyðingar, gengur út á það, að persónan, sem málið snerti, eigi að hafa allan ákvörðunarrétt í þessu sambandi, opinberir ráðgjafar eigi ekki að koma hér til. En þetta er í raun málatilbúnaður, sem einfaldar málið meira en eðlilegt getur talist. Hér er ekki verið að taka ákvörðun um venjulega lækniáðgerð, eins og sumir virðast álíta. Og þetta hefir vissulega valdið örlagaríkum ruglingi í umræðum um fóstureyðingar. Málið snýst nefnilega um allt annað og miklu örlagaríkara en hér er látið í veðri vaka. Spurningin lýtur að því, hvort fjarlægja eigi síðustu leifarnar af réttarvernd handa hinum veikasta af öllum í mannlegu samfélagi. Og svo lengi sem ákvörðun um fóstureyðingu kemur til kasta utanaðkomandi aðila, er þó í einhverjum mæli tekist á um rétt tveggja einstaklinga. Fóstureyðing felur í sér, að bundinn er endi á líf, og það er svo alvarlegt mál, að ákvörðun um það verður ekki tekin nema til komi þriðji aðili, er utan við málið stendur. Um leið og ákvörðunin er alfarið afhent öðrum hlutaðeigandi aðila, þ.e.a.s. konunni, um leið er síðasta

réttarvörn fóstursins úr sögunni." (HELGI LÍFSINS. Ræða sr. Þorbergs Kristjánssonar á Lífsvonarfundi 12. des. 1992. upphaflega birt í Lífsvon, fréttabréfi Lífsvonar, samtaka til verndar ófæddum börnum, 1. tbl. 9. árg., marz 1993, endurbirt hér: <https://krist.blog.is/blog/krist/entry/2229236/>)

G) Í reynd hefur fósturvernd einkum notið þriggja meginstoða:

1) Líffræði- og læknisfræðipækningar, sem hefur fleygt fram á 20. og 21. öld. Þegar Lenín hafði fyrstu forgöngu um að gera fóstureyðingar konum frjálsar árið 1920, var mest af þessari þekkingu ekki til. Hann vissi í raun lítið sem ekkert um undraheim ófædda barnsins, sem menn eins og sænski vísindaljósmyndarinn Lennart Nilsson og aðrir, með ómsjám sínum, foetoscope o.fl. tæknigræjum, hafa opinberað þjóðum heims. (Sjá t.d. bók Nilssons og Lars Hamberger: Barn verður til, Vaka-Helgafell, án ártals, 240 bls.) -- Þá er ótalið framlag erfðafræðinnar sem er geysimikið og hefur vitaskuld staðfest, að hver ein manneskja í móðurkviði er einstæð og engri annarri lík (til að nefna bara eitt atriði).

2) Náttúrulaga-heimspeki, sem leiðir rök að náttúrlegu siðferði, án stoðar frá trúarlegu siðferði. Um það vil ég vísa til greinar eftir Dr. Diane N. Irving, M.A., Ph.D.: Abortion: Correct Application of Natural Law Theory (Linacre Quarterly, febr. 2000) = <https://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/20508549.2000.11877567>

3) Kristinnar siðfræði og kristinna trúarsanninda frá upphafi, sem miðlað er mönnum til upplýsingar og leiðsagnar í lífinu til að takast á við erfiða valkosti og þjóna kærleikanum. Að kristin kirkja er bundin siðaboðun Jesú Krists, hefur verið augljóst frá upphafi, og það á einnig við um vitnisburð postula hans og lærisveina, því að hann hét þeim að senda þeim Heilagan Anda sem myndi leiða þá í allan [trúarlegan] sannleika og að þeir ættu (hans eigin orð) að vera "stólpi og grundvöllur sannleikans" fyrir söfnuðina. Eins gefur Kristur spámönnum Gamla testamentisins (Jesaja o.s.frv., sem og Davíð og Móse) þá einkunn að þeirra orð hafi verið Guðs orð, til að leiða þjóð hans Ísrael hina fornu til hlýðni við vilja Drottins.

Einnig þjóðkirkja Íslands hefur í samþykktum sínum með mjög eindregnum hætti kannazt við skyldur sínar gagnvart ófæddum börnum og kristinni kenningu (doctrinu, því sem kennt er, þ.e. því sem Kristur kenndi) í þessu efni, þ.e. um líf og lífsrétt hinna ófæddu. Ég minnti á þessa kristnu afstöðu þjóðkirkjunnar í grein minni í Fréttablaðinu 8. þessa mánaðar, og ber hún yfirskriftina Lífsvornd ófæddra er kristin skylda, sjá <http://www.visir.is/g/2019190109253/lifsvornd-ofaeddra-er-kristin-skylda-> og þar, á vísisvefnum, í athugasemd minni á eftir greininni, eru líka mjög svo talandi tilvitnanir í þrjú Biblíurit: Davíðssálm 139,13-18, Spádómsbók Jeremía, 1,4-5 og Lúkasarguðspjall, 1,39-45, allt tekið þar upp orðrétt.

Þekking á kristnum heimildum í þessu máli gerir ekki veraldlega, náttúrlega og vísindalega þekkingu óþarfa eða minna keppikefli, miklu fremur staðfestir hana.

Reykjavík, 24. janúar 2019,

Jón Valur Jensson, cand. theol., Reykjavík, kt.310849-2279.